

Sigurður Harðarson
Fögrubrekku 41
200 Kópavogur

Vestmannaeyjum 14. nóvember 2018
UST201811-032/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um fararleyfi - Eldey 2018

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Sigurðar Harðarsonar, dagsett 4. nóvember 2018, um fararleyfi til Eldeyjar.

Eldey er friðlýst sbr. auglýsing nr. 119/1974 í Stjórnartíðindum. Óheimilt er að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Til stendur að skipta út tölvu og hugbúnaði sem tengist vefmyndavél sem er í eyjunni. Áætlað er að verkið taki 3 tíma og fari fram veturinn 2018-2019 eða á meðan enginn fugl er í eyjunni. Í leiðangrinum verða 3 manns

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi Eldeyjar. Súlan hefur yfirgefið eyjuna fyrir veturinn og ætti því ekki að vera mikil truflun vegna verkefnisins innan friðlandsins. Verkefnið er til þess fallið að bæta sendingarskilyrði vefmyndavélarinnar sem hefur ótvírætt fræðslugildi.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti fararleyfi fyrir Sigurð Harðarson og tvo aðstoðarmenn til Eldeyjar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafðu þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar eins fljótt og auðið er.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægð.
- Kynna skal fyrir leiðangursmönnum þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er í eyjunni eftir því sem kostur er.

- Óheimilt er að trufla dýralíf. Ef fugl er í eyjunni þegar að er komið skal hætt við ferðina og reynt aftur síðar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir
Sviðsstjóri

Þórdís V. Bragadóttir

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur